

Fundur með foreldrafulltrúum, 17. September 2015

Mættir frá FOKS: Heimir, Sigmundur, Dís, Monika og Magnea

Mættir foreldrafulltrúar: skráðir í mætingabók funda.

- Heimir byrjaði á að kynna sig og útskýra að fundurinn núna er haldinn til að útskýra fyrirkomulagið hjá bekkjarfulltrúum
- Sigmundur útskýrði breytingarnar á bankareikningum bekkjanna og að hann þurfi upplýsingar um hverjir séu gjaldkerar í hverjum bekk til að viðkomandi geti fengið prókúru á reikninginn. Á hverju ári þarf að skipta um prókúruhafa á reikningunum þegar nýjir aðilar koma inn. FOKS þarf að fá nafn þeirra hjá öllum bekkjum og það þarf að undirrita hvern reikning fyrir sig þar sem fulltrúar FOKS og gjaldkeri hvernar bekkjar þurfa að skrifa undir
- Monika og Heimir kynntu möppurnar sem fylgja bekkjunum og hvernig fyrirkomulagið er með þær. Í hverjum árgangi þarf bara einhver einn að sjá um möppurnar og sjá til þess að koma upplýsingum inn í þær.
- Heimir og Sigmundur kynntu þær breytingar sem hafa orðið í 10. Bekk að nú séu 4 fulltrúar frá unglíngunum inni í bekkjarráði.
- Mikil aukning hefur orðið á notkun Facebook og google drive skjölum og voru foreldrafulltrúarnir hvattir til að nýta sér það.
- Heimir kynnti fjáröflun í tengslum við Kiðagil. Allure kostnaður er í höndum bekkjarfulltrúa. Í tengslum við Reyki þá er rútan greidd af sveitafélaginu en restin er greidd af foreldrum.
- Sigmundur talaði um hve gríðarlega góð skil voru á félagsgjöldum FOKS, 85% skil á félagsgjöldum.

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS, 25. Ágúst 2015

Mættir: Heimir Sigmundur, Dís, Ólöf skólastjóri og Monika

- Hugmyndir að breytingu á innkeyrslu að Síðuskóla sem er enn á hugmyndastigi hjá skipulagsdeild Akureyrarbæjar var mikið rædd.
- Hugmyndir voru ræddar hvar mætti auka við gangbrautir við helstu götur í kringum skólann. Var ákveðið að merkja inn á yfirlitsmynd þ'r hugmyndir sem komu upp og var ákveðið að Heimir færi með þá mynd til þeirra sem starfa á skipulagsdeild Akureyrarbæjar til að leggja fram hugmyndir FOKS.
- Ákveðið var að skólinn myndi senda út póst og hvetja foreldra til að láta börnin sín labba í skólann. Talaði Ólöf um að aftur yrði sett af stað átakið göngum í skólann.
- Ákveðið var að FOKS myndi gefa öllum nemendum í Síðuskóla endurskinsmerki ef það verður ekkert úr því að endurskinsmerki komi frá Sataka eins og stóð til.

- Ólöf talaði um að bókasafnið fern ú að komast á sinn gamla stað aftur. Bar hún fram þá spurningu hvort hægt væri að fá aðstoð foreldra barna í skólanum til að aðstoða við að koma bókunum inn á bókasafnið aftur. Ákveðið var að FOKS myndi senda foreldrum póst þegar þar að kemur til að athuga hvort áhugi sé ekki fyrir hendi að aðstoða við þetta verkefni.
- Dísa fær lista með nöfnum foreldra barna sem eru í skólanum. Er þetta gert til þess að hægt sé að eyða út af Facebook síðu FOKS þeim foreldrum sem ekki eiga lengur barn/born við skólann.
- Þrátt fyrir að styrkurinn frá FOKS í tenglum við afþreyingu barna í Síðuskóla hafi verið aukinn eru enn til tæplega 400.000 í sjóði. 270.000 fór í kaup á ýmsu afþreyingarefni innan skólans.
- Heimasíða FOKS – nauðsynlegt að lagfæra síðu FOKS sem er undirsíða inn á heimasíðu Síðuskóla. Fundargerðir inn á síðunni hafa verið ábótavant og mun Monika, í samvinnu við Önnu Bergrós, sjá um að koma fundargerðum inn á heimasíðu FOKS eins fljótt og hægt er.

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS, 24. Mars 2015

Mættir: Heimir, Sigmundur, Páll Brynjar, Bragi, Dísa, Hrefna og Monika

- Heimir náði á hluta af hverfisnefndinni og mun FOKS sendir þeim formlegt erindi varðandi hverfishátíð Síðuhverfis (sameina vorhátíð skólans og hverfishátíð á vegum hverfisnefndar)
- Heimir ræddi bréfið sem kom frá 4. Bekk um beiðnina fyrir Kiðagilsferðinni. Heimir fór á fund með þeim og eru þau byrjuð með fjáraflanir. Samþykkt var að hækka styrkinn til þeirra úr 1200 kr. Upp í 1500 kr. Á barn.

Vorhátíð:

1. bekkur: tekur móti 1. Bekk
2. bekkur: frí
3. bekkur: Popp sala
4. bekkur: kökuhlaðborð – undirbúningur
5. bekkur: Umsjón með kökuhlaðborði
6. bekkur: Tombóla – undirbúningur og framkvæmd
7. bekkur: grilla pylsur
8. bekkur: frágangur og þrif eftir kökuhlaðborðið

9. bekkur: Hoppukastala, andlitsmálningu, þrif og frágang.

10. bekkur: instagram leikur og myndataka m/ramma (þurfa að finna ramma eða búa til)

- Málin voru rædd, 9. Bekkur hefur séð um andlitsmálningu og hoppukastala en mun nú einnig taka að sér þrif aukalega og munu fá meira greitt fyrir það inn á reikning sinn sem fer í útskriftarferð þegar þau eru komin í 10. Bekk. Monika lagði til að 9. Bekkur fái 100.000 kr. Inn á reikning sinn fyrir vinnuna á vorhátíðinni. Það var samþykkt samhljóða.
- 7. bekkur grillið – Sigmundur mun sjá um að athuga með pylsur, brauð og svala fyrir grillið.
- Hoppukastalar: skoðað hvort að hverfisnefnd geti tekið þátt í að leigja hoppukastala með okkur. Verið er að skoða 2 kastala, bæði fyrir yngri og annar fyrir eldri hóp.
- Popp – Páll Brynjar sér um að vera í sambandi við Ásbyrgi-flóru í sambandi við að fá popp á staðinn sem að 3. Bekkur mun selja.
- Hugmynd kom upp að prenta á rauða boli og gefa skólanum fyrir Skolahreysti. Eftir þá ferð munu nemendur skila þeim aftur og skólinn mun eiga þá og geta notað þá við önnur tækifæri til að hafa hópinn eins. Samþykkt samhljóða.
- Athuga verður með fjölda þeirra sem hafa áhuga á að fara á skolahreysti. Hrefna talar við Ólöfu um að reyna að komast að því fyrir en seinna hver áhuginn er hjá 8-10 bekk að fara með suður.
- Sigmundur leggur til að við eyrnamerkjum 200.000 kr. fyrir dót fyrir skólann. Óskin er að Ólöf taki saman óskalista og forgangsraðar honum, FOKS fær þann lista og mun sjá um að versla það sem hægt verður. Samþykkt samhljóða og Sigmundur ætlar að ræða þetta við Ólöfu.
- Því miður sér Ásdís sér ekki fært að starfa áfram með FOKS vegna anna og þökkum við henni innilega fyrir frábært samstarf.
- Næsti fundur FOKS verður 8. Apríl næstkomandi. Við fundum kl. 19 og boðum bekkjarfulltrúana kl. 20. Heimir sendir póst á bekkjarfulltrúa á morgun.

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS, 4. Mars 2015

Mættir: Heimir, Sigmundur, Dís, Páll Brynjar, Hrefna, Monika – Einnig var Ólöf Skólastjóri mætt á fundinn

- Farið var yfir skoðunarkönnunina sem var send á alla foreldra barna í Síðuskóla í sambandi við Vorhátíð skólans. Hver spurning var tekin fyrir, málin rædd og unnið í að finna út hvernig best er að haga vorhátíðinni í framhaldið.

- Hugmynd um að virkja betur 6. Bekk og 9. Bekk í að vinna á vorhátíðinni til þess að byrja að safna fyrir Reykjaferð og útskriftarferð.
- Helmingurinn af salnum verði nýttur undir kökuborðið til að rýma til í kaffihlaðborðinu og búa til auka sæti fyrir fólk.
- Pylsusölunni verður breytt, í stað fyrir að selja pylsur eins og hefur verið gert getur fólk komið með sínar eigin pylsur og grillað á steyptagrillinu og foreldrafélagið leggur til sósur og annað meðlæti.
- Hverfisnefndin hefur ekki áhuga á að hverfishátíð og vorhátíð verði sameinaðar í eina stóra hátíð fyrir alla í hverfinu. Heimir ætlar að tala aftur við Maríu Helenu í hverfisnefnd og fara með henni yfir hugmyndirnar sem hafa komið hér fram og sjá hvort nefndin hafi áhuga á að taka þátt.
- Dísa kom með hugmynd um að setja upp bakgrunn og gera eitthvað skemmtilegt þannig að hægt sé að taka myndir af krökkunum og fólkinu sem hefur áhuga, myndirnar verða svo settar inn á netið og krakkarnir geta sótt sér myndir af sér.
- Hugmynd kom um að ef veður er gott að setja út krítar og sippubönd fyrir krakkana.

Samantekt af breytingum:

- Pylsusalan – fólk kemur með pylsur og pylsubrauð sjálf, sósur verða á staðnum
- Kökulaðborð – verður sett inn í íþróttasalinn til að skapa meira rými

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS, 4. Febrúar 2015

Mættir: Sigmundur, Hrefna, Dísa, Heimir, Ásdís og Monika

- Simmi ætlar að ath með survey monkey til að útbúa könnun á netinu fyrir Vorhátíðina til að senda á alla foreldra í skólanum.
- Heimir kynnti hugmynd um að hverfahátíð hverfisnefndar verði sett saman við vorhátíð skólans. Hugmyndirnar eru:

Hugmyndir um viðburði á Vorhátíð FOKS. Í Maí 2015

Að þessu sinni er þetta hverfahátíð í samvinnu við hverfisnefndina

- Íþróttasalur
 - Kassaklifur 9 ára og eldri
 - Hoppukastalarar Fyrir 9 ára og yngri.

- B-Álma
 - Tombóla
 - Sýning á Verkum barna á Yngsta stigi.

 - C-Álma
 - Sýning á Módel bílum
 - Sýning á Flugmódelum frá Flugmódelssamtökunum

 - Útisvæði
 - Sýning á Tækjum og búnaði frá Motul á Akureyri
 - Sýning á Jeppadekkjum frá DekkjaHöllinni
 - Sýning á Jeppum frá Bílklúbbnum
 - Sýning á Fornbílum

 - Matsalur
 - Kaffihlaðborð
 - Veitingasala
 - Pylsusala

 - Efra svæði
 - Grillaðir sykurpúðar
 - Þrautabrautir
 - Fótboltaþrautir
 - Kassabílarallý
- Páll Brynjar er búinn að ræða við þá í Flugmódelssamtökunum og þeir eru til í að taka þátt og myndu sjá um það sjálfir.
 - Hugmyndir sem eru á útisvæði, það væri eitthvað sem að þeir myndu sjá um. Monika og Dísá voru sammála um að sýningin á útisvæðinu væri of mikið (bílasýning, tækjasýning ofl.)
 - Spurningin hvað er hægt að gera fyrir stelpur? Leggja höfuðið í bleyti og ræða það á næsta fundi
 - Við lýsum áhyggjum yfir áhugaleysi margra foreldra í sambandi við þátttöku þegar verið er að gera eitthvað eins og t.d. vorhátíð ofl.
 - Innheimtur árgjalda eru enn að skila sér, komið rétt í kringum 80%.
 - Greiðsla til 10. Bekkinga fyrir vinnuna á síðustu vorhátíð verður 1500 kr. Á barn og verður lagt inn á næstu dögum.

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS, 14. Janúar 2015

Mættir: Heimir, Dísa, Páll Brynjar, Hrefna, Sigmundur og Monika

- Seinustu vikuna í janúar er fyrirlestur á vegum heimilis og skóla, fyrir 6. Bekk í skólanum og svo 29. Janúar í Hofi, opinn fundur fyrir alla foreldra í bænum. Þetta er fundur með aðilum frá heimili og skóla, nemendur úr Menntaskólanum á Akureyri og hefur Guðjón Hauks (fyrirlesari) komið með hugmynd um að athuga hvort Inga Vala ljósmóðir, móðir Tinnu, til að koma og tala líka.
 - Allir skólar, 6. bekkur á Akureyrarsvæðinu eiga rétt á að heyra þennan fyrirlestur og er þá verið að skoða Hrísey og Grímsey geti tekið þátt í gegnum fjarfundarbúnað.
 - Erum öll sammála um að taka þátt í þessu en miklar umræður spunnust, bæði kostanaður og að eingöngu 6. Bekkur fær fyrirlestur í skólunum.
 - 26. Febrúar mun vera fyrirlestur um fíkniefnaheiminn á Akureyri í Hofi á vegum Samtaka í samstarfi við lögregluna. Verður betur auglýst síðar.
 - Samtaka ætla að gefa öllum grunnskólum Akureyrar, börnum í 1-6 bekk, segla til að setja á ískáp með útivistareglunum. Dagsetning kemur síðar. Spurning hvernig verður staðið að framkvæmdinni, tímasetning og framkvæmd verður ákveðin á febrúarfundinum.
 - Staðan á reikningum FOKS í byrjun desember er kr. 1.050.000
 - Það voru rúm 400.000 kr. Til í byrjun skólaárs 2014. Alls eru 61 krafa ógreidd að upphæð 179.500. Búið er að innheimta 211 kröfur að upphæð 598.500. Betri innheimtur hafa verið á þessu skólaári en á sama tíma í fyrra, innheimtuhlutfallið er 77%. Það voru betri skil fra þeim sem borga fyrir tvö börn eða fleiri.
 -
 - Almenn óánægja með heimasíðu skólans. Hún fékk falleinkun í ytramati skólans þegar það var gert í haust. Rætt að það þurfi að uppfæra heimasíðuna bæði fyrir skólann og einnig fyrir FOKS. Heimir fer í málið.
-
- Vorhátíð – Það þarf að skoða hvernig fyrirkomulagið á að vera. Mikið hefur verið kvartað undan fyrirkomulaginu án þess að koma með nýjar hugmyndir.
 - Spurning hvernig á að breyta staðsetningunni á kaffihlaðborðinu.... þarf að ath hvað er best.
 - Spurning um að skoða survey Monkey könnun eða eitthvað sambærilegt til að senda út á foreldrana. fer í að skoða þetta. Hugmyndir sem þurfa að koma fram:
 - o Hvað var gott
 - o Hverju viltu breyta
 - o Tímasetning, breyting eða ekki
 - o Hvernig á að standa að sýningum barnanna, á að sameina miðstigið þegar hlutir eru sýndir?

Spurning um að reyna að gera eitthvað nýtt, spurning hvað það ætti að vera.

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS, 3. Desember 2014

Mættir eru Sigmundur, Bragi, Dís, Hrefna og Heimir sem ritar fundargerð.

- Fundur í skólaráði fimmtud. sl. Heimir fer yfir mál sem voru tekin fyrir á fundi í skólaráði má þar nefna kynningu og niðurstöður úr ytra mati síðuskóla. Farið var yfir lista sem sendur var fasteignum Akureyrar um viðhald og endurbætur á skólanum
- Áætlaður fundur með bekkjarfulltrúum vegna bekkjarsjóða og bekkjarfulltrúa. En bæði hafa margir bekkir ekki enn ákveðið gjaldkera einnig hafa viðburðir í bekkjum verið með minnsta móti þetta árið. og þarf að taka ákvörðun um hvort á að íta á það.
 - o Rætt um að senda póst á bekkjarfulltra og hvetja þá til að senda inn hver er gjaldkeri í hverjum bekk sem og hver tekur að sér að vera ritari og taka við möppu sem tilheyrir hverjum bekk.
- Áætlaður fyrilestur með 6 bekkjum á vegum heimilis og skóla í janúar
- Ákveða tímasettingar og hvernig skal kynna sáttmálann
- Aðalfundur Hverfisnefndar sem var í seinustu viku.
- Önnur mál
- Samtaka í samvinnu við Heimili og skóla munu koma með fyrirlestra í alla grunnskóla á Akureyri í Janúar. Hverjum skóla verður úthlutaður dagur þar sem aðilar frá HogS SAFT ofl. Munu koma ræða við krakkana í 6 bekk um hættur á netinu hvernig skal haga sér og fle. Sem tengist snjallsímum og interneti.
- Málinu frestað til næsta fundar þar sem ekki er kominn tímasetting um hvenær sáttmálinn verður kynntur og hvort að aðilar frá Heimili og skóla geti komið til Akureyrar og kynnt þetta fyrir foreldrum.
- Heimir Formaður ræddi um aðalfundinn sem hann fór á. Mikið af góðum ábendingum komu fram á þeim fundi sem og hugmyndir um uppbyggingu í hverfinu á opnum svæðum. Slök mæting var á þennan fund og furðuðu aðilar sig á áhugaleysi á málefnum hverfisins. Var þetta kjörinn vettfangur til að láta skoðuns sýna í ljós. Heimir taldi upp þau atriði og

ábendingar sem hann hefur fengið undanfarið og reyndi eftir fremsta megni að skýra frá þeim.

- Nefndu Heimir og Sigmundur þá umræðu sem átti sér stað á fundi í samtaka.
 - Þar sem rætt var um segla um útivistartíma barna sem verið að leita eftir tilboði í. Áætlað er að þeim verði úthlutað í byrjun næsta árs. Hver skóli mun sjá um að koma seglum til nemenda en á eftir að ræða hvernig útfærslan er.
- Einnig var rætt um fæðiskostnað i grunnskólum á Akureyri en á fundi samtaka kom fram sú ábending sem nefndarmenn eru að láta skoða fyrir sig. Mikil umræða var um þetta og þarf að skoða málið nánar.

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS 5. Nóvember 2015

Mættir: Heimir, Sigmundur, Bragi, Ásdís, Dís og Monika

- Foreldrasáttmálinn:
 - Heimir kom með kynningarefni, foreldrasáttmálinn frá Heimili og Skóla. Heimir talaði um að ath hvort foreldrafulltrúar myndu kalla saman fund með foreldrum bekkjanna til að kynna samninginn fyrir þeim og reyna að fá þá til að skrifa undir skjalið.
 - Monika kom með þá hugmynd að frekar myndu kennarar bekkjanna kalla á fundinn, telur það vera árangursríkara.
 - Ákveðið var að Heimir fari með sáttmálann til Ólafar og ath hvort möguleiki sé á því að fara með kynninguna í gegnum kennara.
- Reikningar bekkja og bréf til foreldrafulltrúa:
 - 8 og 10 bekkur eru einu bekkirnir sem hafa lagt til gjaldkera frá bekkjarfulltrúum.
- Heimir fékk 3 pósta þess efnis að tölvupósturinn hefði ekki skilað sér. Ásdís ætlar að finna út úr þessu.
- Heimir ætlar að senda ítrekun á foreldrafulltrúana um að velja gjaldkera til að sjá um bekkjarsjóðinn um leið og Ásdís hefur fundið út úr netföngum þessara 3ja aðila.
- Árgjald FOKS – 278 heimili:
 - Ákveðið var að hafa þetta eins og í fyrra, 2500 fyrir eitt barn og 3500 fyrir 2 börn eða fleiri.

- Þetta verður ekki valkrafa, þetta er innheimtukrafa og verður sett á gjalddaga þegar hún verður sett inn, eindagi 15-20 dögum seinna. Hangir rauð þar til 1. Ágúst á næsta ári. Ekki leggjast dráttavextir ofaná.
- Vorhátíð:
 - Rætt var um hvort ætti að reyna að fá fólk til þess að koma saman og jafnvel að búa til nefn sem kæmi að ákvörðun um hvernig hægt er að gera breytingar á Vorhátíðinni.
 - Einnig kom sú hugmynd um að leggja netkönnun fyrir foreldra í skólanum. Uppsetningin yrði krossapróf til að sjá hvernig fólki líki vorhátíðin í sömu mynd og hafa svo einn kassa þar sem fólk getur tiltekið þær breytingar sem það vil sjá á vorhátíðinni.
 - Monika mun búa til skoðunarkönnun til að senda á foreldra barna í Síðuskóla.
 - Hugmynd af uppsetningu: Einstætt – fjöldi barna – íþyngjandi að þurfa vinna – kk og kvk - móðir faðir bæði
- Kynning fyrir 6. Bekk, fræðsla um netnotkun barna:
 - Fólk kemur frá Heimili og Skóla og SAFT. Fræðsla fyrir krakka í 6. Bekk í skólum á Akureyri og verður haldið á skólatíma.
 - Einnig verður haldin kynning um efnið fyrir alla foreldra skólabarna á Akureyri.

Ekki fleira skráð

Fundur með foreldrafulltrúum allra bekkja 17.09.2014

Mættir allir í stjórn

- Bekkjarfulltrúar
 - 1. bekkur, 2. Bekkur, 3. Bekkur, 4. Bekkur, 5. Bekkur, 6. Bekkur, 7. Bekkur, 8. Bekkur, 9. Bekkur, 10. bekkur
- Kynning fyrir foreldra á hvernig möppurnar eru hugsaðar, gagnabanki fyrir bekkina, hvað hefur tekist vel til og hvað betur má fara fyrir þá sem þurfa að gera svipað árið eftir.
- Breyta bekkjarfulltrúafyrirkomulaginu, 6 bekkjarfulltrúar í hverjum bekk. Hugmyndin er að í hverjum árgangi verði kosinn formaður sem sér um að kalla saman fundi.
- Bankareikningar – einn sem sér um peningahliðina. Í 4, 7, 9 og 10 bekk er nauðsynlegt að hafa gjaldkera vegna ferða en einnig er gott að hafa það líka í hinum bekkjunum. Árgangarnir velja hversu mikið verði greitt í bekkjarsjóð, oft hærra hjá eldri bekkjum.
- Hugmyndir – formaður, gjaldkeri, ritari

- Ritari sjái um að setja inn í möppurnar.
- Tengiliður við skólann, einn aðili sem sér um það að tala við aðila innan skólans.
- Heimir ræddi hvernig hægt er að skipuleggja betur vorhátíð, að foreldrafulltrúarnir hittist fljótlega og komi með hugmyndir að því hvernig má gera breytingar.
- Spurning hvort vorhátíðin geti verið á skólatíma en ekki um helgi. Umræður og ákveðið að skoða það frekar.
- Talað um vel heppnað afmæli síðuskóla.
- Við í stjórninni þurfum aðstoð bekkjarfulltrúa til að vera í sambandi við aðra foreldra í árgöngunum. Einnig að vera í sambandi við foreldrafélagið
- Hugmynd um að lækka standardinn sem er kominn í bekkjunum, til hvers að vera að gista í skólanum og þetta allt sem verið er að gera fyrir krakkana,
- Spurning hvort ekki sé hægt að minnka vorhátíðina í sniðum, að vera á stofuvakt, svo í eldhúsvakt osfrv.
- Spurning hvort hægt sé að sameina milli bekkja og stilla upp frammi á gangi og þá er hægt að sameina vaktir og færri vaktir á hvert foreldri.
- Flott hvað foreldrar sem voru mættir voru tilbúnir að koma með alskonar hugmyndir, finna lausnir á ýmsum málum eins og vorhátíð og öðru.
- Foks hefur fengið mikið af athugasemdum en engar hugmyndir um hvernig hægt sé að breyta því sem hefur verið. Bekkjarfulltrúar og foks í sameiningu að finna lausnir hvernig er hægt að setja fram breytingar, mótaðar hugmyndir um hvernig hægt er að breyta. Koma fram fyrir hönd hvers árgangs fyrir sig.
- Tombóla og andlitsmálun er eitthvað sem virkar sem toppurinn á vorhátíðinni hjá börnunum.
- Viðburðir fyrir bekkina – skipting á milli hópa er allt of mikil. Erum með Fb bæði fyrir foks og líka fyrir bekkina.
- Það er frjálst aðgangur að foreldrafélaginu.
- Spurning um að gera skoðunarkönnun um vorhátíð og senda á alla foreldra. FOKS byr til könnun og sendir á foreldrafulltrúa og þeir sjá svo um að senda það áfram á sinn árgang.

- Reikningar bekkja – margir bekkir eiga reikninga hingað og þangað um bæinn. Foks kom með hugmynd að foks á alla reikninga hver árgangur á bara einn reikning sem fylgir þeim alla skólagönguna. Spurning hvort að kennari hafi prókúru á reikninginn.
- Talað um að ef afgangur er frá 10 bekk þá gangi það aftur til foks. Miklar umræður, ákveðið var að afgangur ef einhver er renni til FOKS ef ekki er búið að nýta þann pening fyrir lok júlí eftir að 10. Bekk líkur.

Ekki fleira skráð

Stjórnarfundur FOKS, 17. September 2014 – fyrsti fundur nýrrar stjórnar.

Mættir: Heimir, Ásdís, Sigmundur, Monika, Bragi, Dísa og Páll Brynjar

- Netfang nýrra stjórnarmeðlima
 - o Páll Brynjar – pallbrynjar@gmail.com gsm: 857-5001
 - o Dísa Kolbeins – disa79@simnet.is gsm: 862-0424
- Fundartími – fyrsti Miðvikudagur í mánuði kl 20:00
- Sigmar bauð sig fram sem gjaldkera
- Heimir bauð sig fram sem formann
- Monika bauð sig fram sem ritara
- Páll bauð sig fram sem varamaður
 - o Samþykkt samhljóma
- Upplýsingafulltrúi – ákveðið var að Heimir og Monika sjá um það saman til að byrja með og svo tekur ritari það meira að sér.
- Heimir og Sigmundur áfram í samtaka, Páll Brynjar til vara – samþykkt
- Á næsta fundi þarf að ákveða hvenær verður farið í að græja reikningana fyrir bekkjarsjóðina, senda á foreldafulltrúa og ath hvað þeim fyndist.
- Foreldrafulltrúa og í sama pósti óska eftir a þeir velji tengilið og hafi fyrirspurn í sambandi við vorhátíð.

Ekki fleira skráð

Aðalfundur foreldra-og kennarafélags Síðuskóla 17. Semptember 2014 var haldin í stofu 32 í Síðuskóla.

1. Aðalfundarstörf

- Heimir byrjar fundinn. Samþykkt er einróma að Bragi verði fundarstjóri og Ásdís verði fundaritari

- Heimir fer yfir skýrslu stjórnar.
 - o Kæru foreldrar skólastjóri og aðrir gestir ..
Heimir Eggerz Jóhannsson heiti ég og er formaður foreldra- og kennarafélags Síðuskóla. Aðalfundur Foks var haldinn um miðjan september 2013 þar sem ný stjórn var kosin og hefðbundin aðalfundarstörf voru tekin fyrir. Aðilar frá forvarnarteymi Akureyrar og SÁÁ komu og heldu smá pistil og svöruðu spurningum foreldra eftir fremsta megni. Eftir að upp kom atvik á skólalóð Síðuskóla seinasta sumar var tekin ákvörðun að takast á við þetta með hjálp skólans, foreldra og samfélagsins í Síðuhverfi. Skemmst er frá því að segja að eftir nokkrar vikur í foreldrarrölti, vakt hjá Securitas og vakningu meðal íbúa í hverfinu á umhverfinu sínu þá tókst okkur að sýna fólki að við sem samfélag stöndum saman og leyfum ekki atvikum sem þessum að grassera í okkar hverfi án viðbragða.
Viljum við þakka öllum þeim sem að verkefninu komu. Sérstakar þakkir færum við starfsmönnum Securitas sem vöktuðu umhverfi skólans vikum saman okkur að kostnaðarlausu.

Löngu er ljóst að tækjabúnaður skólans er kominn á aldur og verulegra endurbóta er þörf. Foreldrafélagið hefur gegnum árin lagt sitt af mörkum og því var, líkt og áður, kallað eftir óskalistum frá kennurum og starfsfólki. Foks fór á stúfana og endaði á að gefa skólanum hinar ýmsu gjafir sem voru allt frá blöðum, malaratrönum, myndavél ofl. Var farið í samstarf við Fjölsmiðjuna og Hjálpræðisherinn í að finna suma af þeim hlutum sem vantaði. Gátum við gefið margt af því sem var á listunum fyrir lítinn sem engan pening. En auðvitað var sumt sem við keyptum, sem gjaldkeri mun gera grein fyrir hér á eftir.

Einu verkefni varðandi tækjakaup ber að gera sérstök skil hér en það voru kaup á spjaldtölvum. Þegar í ljós kom að sérkennslan hafði aðeins 2 spjaldtölvur að notum var tekin sú ákvörðun að safna fyrir 10 stk til að gefa þeim... strax var tekin sú ákvörðun að safna fyrir allri upphæðinni og áttu foreldrar ekki að þurfa að taka þátt í þeim kostnaði. Skemmst er frá því að segja að með góðri hjálp fyrirtækja og stofnana hér í bæ tókst okkur að safna fyrir 10 samsung spjaldtölvum, töskum, pennum og tryggingu fyrir hverja tölvu. Stjórn foreldrafélagsins vill koma á framfæri innilegu þakklæti til alla þeirra sem lögðu okkur lið. Það er ljóst að Síðuskóli á stóran hóp velunnara sem sýndu í verki að þeir vilja styðja við það frábæra starf sem hér er unnið.

Bekkjjarfulltrúar voru kallaðir á fund þar sem hver bekkur fékk sína möppu sem er ætluð sem gagnabanki fyrir ýmsar upplýsingar um hvað er gert, hvernig gekk og hvað má fara betur... einnig allar þessu helstu upplýsingar um fjáraflanir viðburði og fl. Þannig að næsti árgangur sem tekur við möppunni hafi einhverja hugmynd um þau verkefni sem bíða þeirra sem og hvaða viðburði er hægt að fara í.

Foks er aðili að SAMTAKA sem eru samtök allra foreldrafélaga grunn- og framhaldskóla á Akureyri, í þeim samtökum eru 2 aðilar frá FOKS sem vinna að sameiginlegum vettfangi fyrir alla foreldra barna á Akureyri. Þar eru til að mynda haldnir fyrirlestrar og málþing í samvinnu við forvarnarfulltrúa fræðslustjóra ogfl. Er það ef til vill þess vegna sem þið kærur foreldrar fáíð stundum póst um viðburði eða uppákomur um mál utan skólans. En má þar nefna fyrirlestra frá Heimili og skóla. Frá forvarnarfulltrúa , skiptidótamarkað í samvinnu við ungmennaráð Unicef. Ofll.

Eftir spjall við Bibba kom í ljós að tölvukostur í tölvuverum skólans var kominn vel á aldur og úr sér genginn. Var farið á stúfana og fengum við Arion Banka til að gefa skólanum 20 tölvur, skjái, lyklaborð og mýs en þar sem þetta var staðsett í Reykjavík fengum við Landfluttinga sem hafa verið okkur afskaplega hliðhollir að flytja 2 bretti af tölvubúnaði og gáfu þeir fluttninginn.

En þar sem önnur stofnun tók svo vel í að aðstoða skólann í þessum málum var tekin svú ákvörðun að biðla til þeirra að gefa skólanum skjái til að nota víðsvegar í skólanum enda voru þó nokkrir túbuskjáir enn í notkun. Þessari beiðni var vel tekið og hingað voru sendir 14 skjáir 19“ skjáir sem eru nú komnir í notkun hér og þar í skólanum og er fólk mjög ánægt með bæði meira pláss á borðinu sínu sem og að fara úr 15 í 19 tommur, viljum við þakka þessum aðilum kærlega fyrir styrkina sem og alla hjálpina undanfarin ár.

Foks hefur líkt og áður staðið vel við bakið á skólanum í hinum ýmsu málum, má þar nefna styrki í SMT-sjóði sem eru notaðir af kennurum til að brjóta upp kennsluna og verðlauna krakkana fyrir vel unnin störf og söfnun á hrósmiðum. Einnig styrkir Foks þá bekkir sem eru að fara í ferðalög en það eru 4.7.og 10 bekkur.. Svo hefur félagið verið að aðstoða bekkir í viðburðum og einstaka uppákomum.

Í byrjun maí var Vorhátíð síðuskóla haldin með pompi og prakt þar sem fram fór kaffihlaðborð andlitsmálning, hoppukastali, tombola ofl. En öll vinna við vorhátíð er í höndum foreldra og viljum við þakka þeim innilega fyrir starf sitt og hjálpuðu okkur að gera þessa vorhátíð að veruleika

Síðuskóli fagnaði 30 ára afmæli skólans þann 11 September sl. Með veislu sem stóð frá morgni til kvöld. Um morguninn mættu 8 vaskir foreldrar sem sáu um að grilla hamborgara fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans . Þessir aðilar náðu að grilla rúmlega 700 kamborgara á 35 mínútum sem má þakka góðri hjálp frá 9 bekk.. Bautinn sem og aðilar í stjórn FOKS sáu um að bjarga okkur um grill gasi ofl. Svo seinna um daginn var haldin heljarinnar veisla þar sem aðilar úr foreldrafélaginu gáfu skólanum margar gjafir sem kennarar, starfsfólk og nemendur höfðu óskað eftir.

Að loknum ræðuhöldum og skráðgöngu um hverfið bauð foreldrafélagið í samstarfi við skólann upp á hoppukastala ofl. Skemmtilega hluti í garðinum bak við skólann..

Eins og þið sjáið eru verkefni stjórnar fjölbreytt og skemmtileg. Aðilar í stjórninni hafa lagt mikið á sig undanfarin ár í að vinna í þágu félagsins og vil ég þakka þeim innilega fyrir störfin sem þau hafa unnið enda hefðu þessi verkefni aldrei orðið að veruleika nema fyrir tilstilli virkra og duglegra foreldra.

Einnig viljum við í stjórninni þakka þeim mörgu fyrirtækjum og stofnunum sem hafa aðstoðað okkur seinustu ár. Hafa allir þessir aðilar verið boðnir og búnir að aðstoða okkur. En seinast viljum við í stjórninni þakka ykkur foreldrum fyrir vinnu ykkar og stuðning með því að koma á viðburði í skólanum. Hjálpa til þegar við biðjum um aðstoð og síðast en ekki síst að styðja okkur í að hjálpa skólanum með því að greiða árgjald foreldrafélagsins. En allir peningur sem kemur inn í félagið fer í skólann fyrir börnin okkar...

2. Skoðun reikninga

- Egill fer yfir reikningana. Styrkir eru veittir á hverju ári og fá 10.bekkur, 7. bekkur og 4.bekkur styrki til ferða eins og áður sagði. Egill fer yfir tekjur og gjöld. Ekki efur tekist að innheimta félagsgjöldin eins vel og síðast, hugsanlega er ástæða þess að gjöldin voru hækkuð á síðasta aðalfundi. Hugmyndin kom að senda miða heim með börnunum. Mælt er með að þessi umræða verði færð í önnur mál og tekin síðar á fundinum.
 - o Spurning frá foreldri – hvað varð um 2000 kr styrk sem 7.bekkur fékk frá FOKS til að nota upp í kostnaðinn á Reykjaferðinni. Sumir foreldrar borguðu 20.000 kr og notuðu ekki þennan styrk, spurning hvar hann liggur.
- Reikningar samþykktir með fyrirvara sökum þess að þeir voru ekki undirritaðir af endurskoðendunum.
 - o Samþykktin var einróma.

3. Skólastjóri tekur til máls.

- Kæru foreldrar
Mig langar að byrja á því að þakka ykkur fyrir gjafirnar sem skólanum voru færðar á afmælishátíðinni. Þær koma sér virkilega vel fyrir okkur og það er gott að geta leitað til ykkar þegar við þurfum á því að halda. Myndavélarnar fóru í umferð á umhverfisdaginn og það var mikil gleði hjá 6. bekk þegar ég skoðaði myndirnar sem teknar voru í ferðinni. Flottar myndir úr vélinni.

Ég vil einnig þakka ykkur fyrir aðstoðina á afmælisdaginn, það var gott að fá fleiri hendur í skólann og bendi ykkur á umfjöllun sem var á N4 þann 11.september. Fólkið okkar stóð sig vel í viðtölunum.

Eins og þið væntanlega vitið þá er kjallarinn okkar ennþá rétt fokheldur og verið er að bíða eftir því að vatnið hætti að streyma upp úr plötunni. Þetta hefur komið fram í fréttabréfinu okkar.

Við höldum áfram að vinna með SMT skólafærni okkar og langar að fá einn fulltrúa frá foreldrum inn í stýrihópinn okkar. Það þarf ekki að mæta á alla fundina en vinna kannski með okkur að ýmsum verkefnum.

Einnig munum við að sjálfsögðu halda áfram með að vinna að umhverfismálunum og langar okkur til að þróa hana áfram í grenndarkennslu eða átthagafræði...vinna meira með nánasta umhverfi. Við erum að gera það í dag eins og í gær á Degi íslenskrar nátturu. Okkur vantar foreldri í umhverfisnefndina.

Síðan er það skólaráðið, Skólaráðið tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótn sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitafélags um skólahald.

Skólaráð:

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- e. fjallar um skólareglur, umgegnishætti í skólanum,
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitafélags,foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitastjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

- a. tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi,
- b. einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess,
- c. tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr 9. gr. laga nr. 91/2008,
- d. Tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10 gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.
- e. skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Nánari upplýsingar um skólaráð er hægt að googla og þá kemur það strax upp. Þetta er vettvangur fyrir ykkur foreldra til að hafa áfrif á skólastarfið og hjálpa okkur við að móta stefnu skólans. Ef þið hafið áhuga á að starfa með okkur í þessum nefndum þá getið þið haft samband við mig eða Heimi.

Það er margt sem við erum að gera hér í skólanum og gott samstarf við foreldra er nauðsynlegt til að þróa skólann. Nú erum við í ytra mati og þá verður gerð skýrsla um starfið

og tel ég það mikinn feng fyrir okkur að fá þetta mat. Þegar utanað komandi aðilar koma og skoða skólann, þeir sjá hluti sem við sem lifum og hrærumst í umhverfinu alla daga erum oft á tíðum hætt að sjá...

Ég verð alltaf mjög stolt þegar ég heyri vel talað um skólann, eins og krakkarnir töluðu um skólann á N4. Ég fór líka á ráðstefnu um síðust helgi á Byrjendalæsi og þá kom fram að það væri oft litið til skólans okkar og hversu vel hefur gengið að vinna í anda þess. Tveir kennarar..... full stofa..... þurfti að bæta við í stofuna.

Að lokum hvet ég ykkur til að hafa áhrif, koma með ábendingar til okkar og halda þannig áfram góðu samstarfi. Í sameiningu leiðum við Síðuskóla áfram inn í næsta áratug.

4. Kosningar

- Kjósa þarf tvo í stjórn foreldrafélagsins þar sem Elín Guðrún Björnsdóttir og Egill Snær Þorsteinsson gefa ekki kost á sér áfram.
 - o Páll Brynjar Pálsson og Dísá Hrönn Kolbeinsdóttir bjóða sig fram
- Kjósa þarf einn í SMT stýrihópinn
 - o Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir bíður sig fram
- Kjósa þarf einn í umhverfisnefndina
 - o Berghildur Þóroddsdóttir bíður sig fram
- Kjósa þarf tvo endurskoðendur
 - o Ingimar Eydal gefur kost á sér áfram og Sóley Helga Björgvinsdóttir bíður sig fram
- Kjósa þarf þrjá í skólaráð
 - o Jóhann Rafn Heiðarsson , Ásdís Elva Helgadóttir og Sigríður Jóna Ingólfssdóttir bjóða sig fram

5. Önnur mál

- Kynning á reikningum árganganna
 - o Hugmynd kom upp að stofna 10. reikninga á kennitölu foreldrafélagsins, þetta verði gert svo að foreldrar og kennarar þurfi ekki að hafa reikninga sem viðkoma bekkjunum á sínum kennitölum.
 - o Hugmyndin er sú að ef verða eftir einhverjir peningar á reikningi 10. bekkja þá renni þeir til foreldrafélagsins og reikningurinn fer í notkun til 1. bekkja næsta árs.
 - o Einnig er hugmyndin sú að foreldrafélagið verði með umsjón á þessum reikningum þ.e gjaldkeri hafi prófkúru á þeim. Þetta á einnig við reikning SMT sem er núna á kennitölu Ólafar skólastjóra.

- Ólöf minntist einnig á magnkaup námsgagna. Þ.e skólinn kaupir inn í miklu magni og foreldrar greiða inn á reikning sem tilheyrir foreldrafélaginu. Þetta er mun ódýrar því skólarnir fá 30% afslátt.
 - Samþykkt var einróma að farið yrði í þessa vinnu.
- Uppástunga kom um að bæta upplýsingaflæði.
 - Bragi Bergmann kom og var með fyrirlestur um líkamstjáningu og hvernig við foreldrar og kennara getum lært að lesa í hana í samskiptum við börnin. Vakti mikla kátínu.

Fundi slitið.